

REGLUGERÐ um bann við veiði smásíldar.

1. gr.

Bannað er að veiða smásíld, 25 cm að lengd eða minni, sé hún verulegur hluti síldarafla fiskiskips.

Lágamarksstærð síldar er mæld frá trjónuodda að sporðsenda.

2. gr.

Fái fiskiskip síldarkast, sem bersýnilega er að mestu leyti smásíld, 25 cm að lengd eða minni, þá er skipstjóra fiskiskipsins skylt að sleppa síldinni þegar í stað úr nótinni.

3. gr.

Sé skipstjóri fiskiskips í vafa um hlutfall smásíldar í aflanum, þá ber honum, áður en verulega hefur verið þrengt að síldinni í nótinni, að taka sýnishorn af aflanum í smáriðinn háf og mæla 100 síldir valdar af handahófi. Reynist meira en 50 síldir, 25 cm að lengd eða minni, ber honum að sleppa síldinni þegar í stað.

Ef fyrirhugað er að setja síld um borð í síldarmóttökuskip, er skipstjóra þess skylt að ganga úr skugga um, að helmingur síldarafla hvers einstaks veiðiskips fullnægi stærðarmörkum 1. mgr. Stærðarhlutföllin skulu prófuð á þann hátt, sem í 1. mgr. segir.

Sýni þessar prófanir, að helmingur síldaraflans sé síld 25 cm eða minni, skal skipstjóra síldarmóttökuskipis óheimilt að taka síldina í síldarmóttökuskipið.

4. gr.

Nú kemur síldveiðiskip eða síldarmóttökuskip með síldarfarm til hafnar blandaðan smásíld og er þá síldarmóttakanda skylt að ganga úr skugga um, hvert sé hlutfall smásíldarinnar í aflanum, á þann hátt að tekin skulu þrjú sýnishorn valin af handahófi með 100 síldum í hverju. Sé hlutur smásíldar, samanber 1. gr., að meðaltali úr þessum þremur sýnishornum meiri en 55%, skal síldarmóttakandi gera Fiskimati ríkisins aðvart, sem síðan gengur úr skugga um stærðarhlutföllin á sama hátt og að framan greinir og kærir hlutaðeigandi skipstjóra veiðiskips eða síldarmóttökuskipis til sekta, sé hlutur smásíldarinnar yfir 55%.

5. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið veitir, að fengnu álitni Hafrannsóknastofnunarinnar og Fiskifélags Íslands, leyfi til veiði smásíldar, 25 cm að lengd eða minni, til niðursuðu eða annarrar vinnslu til mannelis eða til beitu. Leyfi þetta má binda skilyrðum, sem nauðsynleg þykja.

6. gr.

Fiskmat ríkisins skal hafa eftirlit með því, að ákvæðum þessarar reglugerðar sé fylgt.

7. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948 með síðari breytingum, og skal með mál út af brotum farið að hætti opinberra mála.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á tímabilinu 1. september 1974 til 15. september 1975 eru síldveiðar með öðrum veiðarfærum en reknetum bannaðar á svæði fyrir Suður- og Vesturlandi frá línu, sem dregin er í réttvísandi suðaustur frá Eystra Horni suður um og vestur fyrir að línu, sem dregin er í réttvísandi norðvestur frá Rit.

Þó eru síldveiðar með reknetum á þessu svæði því aðeins heimilar, að möskva-stærð netanna sé minnst 63 mm, þegar möskvinn er mældur í votu neti, teygður horna á milli eftir lengd netsins. Komist flöt mælistika 63 mm breið og 2 mm þykk auðveldlega í gegn þegar netið er vott.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 7 22. febrúar 1966 um bann við veiði smásíldar með síðari breytingum í reglugerðum nr. 4 28. janúar 1972 og nr. 218 25. júní 1973.

Sjávarútvegsráðuneytið, 19. ágúst 1974.

Lúðvík Jósepsson.

Þórður Ásgeirsson.

REGLUGERÐ**um útborgun skattafsláttar.****1. gr.**

Sá hluti skattafsláttar, er greiddur skal út til viðkomandi gjaldanda, skv. 4. tl. 3. mgr. II. liðs 25. gr. laga nr. 68 15. júní 1971, sbr. 4. gr. laga nr. 10 22. mars 1974, kemur til útborgunar frá og með 10. október ár hvert.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. mgr. II. liðs 25. gr. laga nr. 68 15. júní 1971, sbr. 4. gr. laga nr. 10 22. mars 1974, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 19. ágúst 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Höskuldur Jónsson.